

Norðurþing

Ársreikningur

2025

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík
kt. 640169-5599

Norðurþing

Ársreikningur

2025

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra	2
Áritun óháðra endurskoðenda	3
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	8
Skýringar	9
Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar uppl.	23

Skýrsla og áritun sveitarstjórnar og sveitarstjóra

Ársreikningur Norðurþings er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar stjórnvalda um reikningskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 7.103 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A og B hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 6.664 milljónum króna. Rekstrartekjur A hluta námu 6.116 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 5.719 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A og B hluta var neikvæð um 16 milljónir króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 48 milljóna króna neikvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 9 milljónir króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 10 milljónir króna. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok nam 4.527 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi, en þar af var eigið fé A hluta um 2.402 milljónir króna.

Laun og launatengd gjöld á árinu námu alls 3.904 milljónum króna en starfsmannafjöldi hjá sveitarfélaginu nam 284 stöðugildum.

Íbúafjöldi Norðurþings í árslok 2025 var 3.017 og fækkaði um 97 frá fyrra ári.

Í samræmi við lög um ársreikninga birtir sveitarfélagið yfirlýsingu um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar í viðauka með ársreikningi.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2025 er tilbúinn til endurskoðunar og afgreiðslu í sveitarstjórn.

Húsavík, 2026. 30. apríl

Sveitarstjóri:

Katrín Sigurjónsdóttir



Bygðarráð:

Helena Eydís Ingólfssdóttir



Hjálmar Bogi Hafliðason



Benóný Valur Jakobsson



Sveitarstjórn Norðurþings staðfestir hér með ársreikning Norðurþings fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Húsavík, 2026. 30. apríl

Sveitarstjórn:

Hjálmar Bogi Hafliðason



Kristinn Jóhann Lund



Jónas Þór Viðarsson



Soffía Gísladóttir



Áki Hauksson



Eiður Pétursson



Helena Eydís Ingólfssdóttir



Benóný Valur Jakobsson



Ingibjörg Benediktsdóttir



Aldey Unnur Traustadóttir



Áki Hauksson



Áritun óháðra endurskoðenda

Til sveitarstjórnar Norðurþings

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Norðurþings fyrir árið 2025 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Ársreikningurinn skiptist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2025, efnahag þess 31. desember 2025 og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

Við staðfestum að álit okkar á ársreikning sveitarfélagsins er í samræmi við upplýsingagjöf okkar til sveitarstjórnar samnanber 11. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Norðurþingi í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við staðfestum að samkvæmt okkar bestu vitneskju höfum við sem endurskoðendur ekki veitt Norðurþingi neina óheimila þjónustu samnanber lista yfir óheimila þjónustu sem tilgreind er í 5. gr. reglugerðar Evrópusambandsins nr. 537/2014.

Ráðningartími endurskoðenda

Enor ehf. var skipað af sveitarstjórn sem endurskoðunarfyrtæki Norðurþings í kjölfar útboðs á endurskoðunarþjónustu á árinu 2020 og er þetta því sjötta samfellda árið sem við sinnum endurskoðun fyrir sveitarfélagið.

Lykilþættir endurskoðunar

Lykilþættir endurskoðunar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu fyrir endurskoðun okkar á ársreikningi sveitarfélagsins fyrir árið 2025. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á hann. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Það eru engir lykilþættir sem við viljum upplýsa um í áritun okkar á ársreikninginn í ár.

Ábyrgð sveitarstjórnar og sveitarstjóra á ársreikningnum

Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningskilareglur. Sveitarstjórn og sveitarstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru sveitarstjórn og sveitarstjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Norðurþings. Ef við á skulu sveitarstjórn og sveitarstjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema sveitarstjórn og sveitarstjóri hafi ákveðið að leysa sveitarfélagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Sveitarstjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, cinar og sér eða samanlagðar.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "HEI", "55", "JAV", "BND", "KSL", "EP", and "Abh".

Áritun óháðra endurskoðenda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitung við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.
- Öflum fullnægjandi endurskoðunargagna, vegna fjárhagsupplýsinga eininga innan samstæðunnar, til að geta látið í ljós álit á samstæðuársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ein ábyrgð á álit okkar.

Okkur ber skylda til að upplýsa sveitarstjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Við höfum einnig lýst því yfir við sveitarstjórn að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og höfum miðlað til þeirra upplýsingum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega haft áhrif á óhæði okkar og þar sem viðeigandi er, hvaða varnir við höfum til að tryggja óhæði okkar.

Af þeim atriðum sem við höfum upplýst sveitarstjórn um, leggjum við mat á hvaða þættir höfðu mesta þýðingu við endurskoðun ársreikningsins og eru taldir lykilþættir í endurskoðuninni. Við lýsum þessum þáttum í áritun okkar nema lög og reglur komi í veg fyrir að við upplýsum um þá, eða í undantekningartilfellum þegar við metum að ekki skuli upplýsa um slíkan lykilþátt þar sem neikvæðar afleiðingar þess eru taldar vega þyngra en almennir hagsmunir af birtingu upplýsinganna eða ef við metum að ekki sé þörf á því útrá áhættumati í verkefninu.

Áritun vegna annarra ákvæða, laga og reglna

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu sveitarstjórnar og sveitarstjóra eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Húsavík,

Enor ehf.

Hafnarstræti 53, Akureyri

Niels Guðmundsson

Niels Guðmundsson

lögiltur endurskoðandi

HEI
JPU HBT KS
TBT ED RA
SS TB KSL

Rekstrarreikningur ársins 2025

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2025	Áætlun með viðaukum	2024	2025	Áætlun með viðaukum	2024
Rekstrartekjur						
Skatttekjur	3.335.144	3.075.406	3.130.869	3.321.350	3.060.922	3.117.594
Framlög jöfnunarsjóðs	1.199.749	1.135.919	1.095.028	1.199.749	1.135.919	1.095.028
Aðrar tekjur	1.580.716	1.507.560	1.492.786	2.582.026	2.467.513	2.611.581
3	6.115.610	5.718.885	5.718.683	7.103.125	6.664.354	6.824.202
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld	4 (3.726.245)	(3.595.123)	(3.418.917)	(3.903.798)	(3.755.367)	(3.587.767)
Breyting lífeyrisskuldb.	(510.664)	(245.654)	(212.116)	(528.073)	(259.651)	(218.639)
Annar rekstrarkostnaður	(1.634.556)	(1.564.248)	(1.642.817)	(2.101.149)	(1.969.046)	(2.032.368)
	(5.871.465)	(5.405.024)	(5.273.850)	(6.533.020)	(5.984.064)	(5.838.773)
Rekstrarn. fyrir afskriftir						
Afskriftir	7 244.145	313.861	444.833	570.105	680.290	985.429
	(221.006)	(199.446)	(193.886)	(407.387)	(394.221)	(372.733)
Rekstrarniðurst. án fjármuna-						
tekna og fjármagnsgjalda	23.139	114.415	250.946	162.718	286.069	612.696
Fjármunat. og fjármagnsgjöld ..	5 (14.226)	(104.695)	(18.735)	(159.471)	(314.328)	(194.074)
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta						
Tekjuskattur	8.912	9.720	232.211	3.246	(28.259)	418.622
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	(26.744)	(20.000)	(36.568)
	0	0	0	7.207	0	5.811
Rekstrarniðurstaða ársins						
	8.912	9.720	232.211	(16.291)	(48.259)	387.865

HET
 HBH
 JAV
 EP
 SG
 K8
 RKA
 KSK

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Fastafjármunir					
Fasteignir og lóðir	7	4.763.656	4.067.243	6.322.371	5.372.508
Veitukerfi og hafnarmannvirki	7	0	0	2.300.907	2.272.988
Aðrar eignir	7	1.026.736	1.027.890	1.087.228	1.093.683
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	8	493.188	402.381	416.183	370.272
Reiknuð skattinneign		0	0	41.690	48.369
Langtímakröfur	9	277.722	225.897	1.668	2.318
Fyrirframgreiddur kostnaður	19	174.756	183.941	174.756	183.941
		<u>6.736.058</u>	<u>5.907.352</u>	<u>10.344.805</u>	<u>9.344.079</u>
Veltufjármunir					
Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur	11	575.988	585.046	673.407	656.663
Næsta árs- og gjaldf. afb af langtímakröfum	9	4.919	4.558	748	725
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki		67.499	84.928	0	0
Aðrar skammtímakröfur		94.087	58.387	124.751	78.638
Markaðsverðbréf		0	0	330.724	306.258
Handbært fé		599.245	951.556	1.098.515	1.480.354
		<u>1.341.738</u>	<u>1.684.476</u>	<u>2.228.144</u>	<u>2.522.638</u>
Eignir		<u>8.077.796</u>	<u>7.591.828</u>	<u>12.572.949</u>	<u>11.866.717</u>

Handwritten notes and signatures:

HEI
 JAV
 SE
 EP
 KR
 BUT
 KJL

31. desember 2025

Eigið fé og skuldir	Skýr.	Sveitarsjóður A hluti		Samantekið A og B hluti	
		31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Eigið fé	12				
Eiginfjárreikningur		2.401.591	2.233.230	4.279.110	4.020.283
Hlutdeild minnihluta í eigin fé		0	0	248.228	190.984
Eigið fé		<u>2.401.591</u>	<u>2.233.230</u>	<u>4.527.338</u>	<u>4.211.267</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar					
Lífeyrisskuldbindingar	13	2.841.706	2.525.008	2.928.509	2.606.385
Skuldir við lánastofnanir	14	1.667.703	1.793.395	2.304.261	2.446.413
Aðrar langtímaskuldir	14	0	0	1.579.132	1.516.039
		<u>4.509.409</u>	<u>4.318.403</u>	<u>6.811.902</u>	<u>6.568.837</u>
Skammtímaskuldir					
Viðskiptaskuldir		188.304	162.779	292.019	235.892
Skuldir við eigin fyrirtæki		222.216	167.301	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda	14	184.282	172.476	238.323	234.904
Næsta árs afb lífeyrisskuldbinding	13	168.970	150.797	178.629	159.853
Ógreiddir reiknaðir skattar		0	0	20.066	27.959
Aðrar skammtímaskuldir		403.023	386.841	504.671	428.005
		<u>1.166.796</u>	<u>1.040.195</u>	<u>1.233.709</u>	<u>1.086.613</u>
Skuldir		<u>5.676.205</u>	<u>5.358.598</u>	<u>8.045.611</u>	<u>7.655.450</u>
Eigið fé og skuldir		<u>8.077.796</u>	<u>7.591.828</u>	<u>12.572.949</u>	<u>11.866.717</u>

HEI
 HBT
 JAV
 SK
 KJ
 KS
 AL
 BJS
 KJK

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2025

Skýr.	Sveitarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	2025	Áætlun með viðaukum	2024	2025	Áætlun með viðaukum	2024
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða ársins	8.912	9.720	232.211	(16.291)	(48.259)	387.865
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Afskriftir og virðisrýrnun	7 221.006	199.446	193.886	407.387	394.221	372.733
Hagnaður af sölu eigna	(5.787)	0	(5)	(68.791)	(55.000)	(52.151)
Niðurf. eignarhl. í öðrum félögum	(17.621)	0	(19.857)	(9.811)	0	7.480
Verðb. og gengism. langtímalíða	41.241	65.207	54.633	104.365	166.614	140.245
Hlutdeild minnihluta	0	0	0	(7.207)	0	(5.811)
Skatteign, breyting	0	0	0	6.678	0	8.609
Hækkun skuldbindinga	510.664	245.654	212.116	528.073	259.651	218.639
Veltufé frá rekstri	758.415	520.027	672.985	944.405	717.227	1.077.608
Br. á rekstrartengdum eignum	(35.010)	9.185	(8.343)	(39.395)	9.185	(11.033)
Br. á rekstrartengdum skuldum	3.531	0	(21.288)	65.967		(6.758)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga	(166.608)	(143.542)	(135.967)	(177.987)	(152.361)	(145.689)
Handbært fé frá rekstri	560.328	385.670	507.386	792.989	574.051	914.129
Fjárfestingahreyfingar						
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.	(706.670)	(671.000)	(490.846)	(977.596)	(1.001.000)	(857.623)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna	2.050	0	0	34.044	75.000	73.134
Fjárf. í eignarhl. í öðrum félögum	(75.437)	0	0	(34.233)	0	(3.218)
Langtímakröfur, breyting	4.660	4.684	4.297	25.038	493	17.537
	(775.397)	(666.316)	(486.549)	(952.746)	(925.507)	(770.170)
Fjármögnunarhreyfingar						
Breyting á hlutafé	0	0	0	7.734	0	35.247
Tekin ný langtímalán	0	300.000	0	25.697	300.000	0
Afborganir langtímalána	(174.655)	(176.938)	(163.104)	(246.995)	(254.342)	(285.905)
Skammtímalán, breyting	0	0	0	(8.518)	0	(48.202)
Viðskiptar. eigin fyrirt., breyting	37.413	(164.926)	(30.670)	0	0	0
Fyrirfram innh. tekjur breyting	0	0	(87.630)	0	0	(87.630)
	(137.242)	(41.864)	(281.403)	(222.082)	45.658	(386.490)
(Lækkun)/hækkun handb. fjár	(352.312)	(322.510)	(260.565)	(381.839)	(305.798)	(242.531)
Handbært fé í upphafi árs	951.556	1.277.147	1.212.122	1.480.354	1.858.823	1.722.885
Handbært fé í lok árs	599.245	954.637	951.556	1.098.515	1.553.025	1.480.354

BVT
 HOTTI
 JA HOTTI K9
 EP
 SK AN
 K3L

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Sveitarfélagið Norðurþing varð til árið 2006 við sameiningu fjögurra sveitarfélaga: Húsavíkurbæjar, Kelduneshrepps, Öxarfjarðarhrepps og Raufarhafnarhrepps. Nær það yfir rúmlega 4% landsins, frá Reykjahverfi í Suður Þingeyjarsýslu að Ormarsá austan við Raufarhöfn og upp fyrir Grímsstaði á Fjöllum, í Norður Þingeyjarsýslu. Þéttbýliskjarnarnir í sveitarfélaginu eru Húsavík, Kópasker og Raufarhöfn. Í lok árs 2025 voru íbúar sveitarfélagsins 3.017.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Félagslegar íbúðir, Hafnasjóður, Orkuveita Húsavíkur ohf., Dvalarheimili aldraðra sf., Leigufélagið Hvammur ehf. og Fjárfestingafélag Norðurþings ehf.

Ársreikningur Norðurþings fyrir árið 2025 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning fyrir A og B hlutann.

Fjárhagsáætlun Norðurþings fyrir árið 2025 með viðaukum er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og yfirliti um sjóðstreymi. Samanburð á fjárhagsáætlun með viðaukum við upphaflega fjárhagsáætlun má sjá í skýringu númer 18 í ársreikningnum.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð að því undanskildu að lóðir og lendur hjá Eignasjóði hafa verið endurmetnar.

Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar. Í ársreikningnum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B hluta fyrirtækja. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður á milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn eru jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sveitarfélagsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

HFI
JA
BVT
SK
AL
KVL

Skýringar

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattgildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilgreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimaðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda.

Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag og gengi í árslok. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður meðal fjármagnsgjalda í rekstrarreikningi.

Tekjuskattur

Tekjuskattur vegna skattskyldrar starfsemi Orkuveitu Húsavíkur ohf. er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegra mismuna á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.

Tekjuskattsinnæign er metin á reikningskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur hjá Eignasjóði eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverði varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Sveitarfélagið innleiddi á árinu 2009 álit Reikningskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga, 2/2010 Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningskilum sveitarfélaga. Sveitarfélagið færir til eignar meðal varanlegra rekstrarfjármuna Eignasjóðs, lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru þær metnar til gangvirðis, en þó eigi herra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirbyggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur Eignasjóðs eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar vegna endurmats eru færðar á eiginfjárreikning.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söliverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Eignarhlutar í félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutar í öðrum félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra.

HEI
JA HBT KS
54 EP
AL
KJL
BUT
IB

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Birgðir

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótveikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Handbært fé

Sjóðir, bankainnstæður og peningamarkaðslán teljast til handbærs fjár.

Eignir utan efnahagsreiknings

Lönd í eigu aðalsjóðs eru ekki færð til eignar í efnahagsreikningi. Fjárfesting í lausafjármunum og gatnagerðarframkvæmdum fyrir ársbyrjun 2002 er ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði að frádregnum greiddum afborgunum og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra.

Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð sem skuld í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar í árslok 2025. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna sé það lægra.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

TLEI
HHT KS
JA
BUT EP
SK
KJL

Skýringar

6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig:

	Ársreikningur 2025	Áætlun 2025	Ársreikningur 2024
Skatttekjur.....	4.606.257	4.280.953	4.292.851
Félagsþjónusta.....	(363.515)	(477.458)	(423.345)
Fræðslumál.....	(2.080.799)	(1.967.361)	(1.859.484)
Menningarmál.....	(114.241)	(114.816)	(112.305)
Æskulýðs- og íþróttamál.....	(452.116)	(435.707)	(430.216)
Brunamál og almannavarnir.....	(166.719)	(143.204)	(125.090)
Hreinlætismál.....	(41.090)	(38.513)	(44.728)
Skipulags- og byggingarmál.....	(60.163)	(68.719)	(62.632)
Samgöngumál.....	(232.346)	(240.219)	(247.209)
Umhverfismál.....	(121.361)	(91.192)	(97.637)
Atvinnumál.....	(82.037)	(84.232)	(70.777)
Framlög til B-hluta stofnanir.....	(70.000)	(100.000)	(200.000)
Sameiginlegur kostnaður.....	(454.244)	(440.519)	(425.298)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	(510.664)	(245.654)	(212.116)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	226.952	157.761	259.933
Aðalsjóður samtals.....	83.914	(8.881)	241.949
A-hluta stofnanir:			
Eignasjóður.....	(79.173)	(42.079)	(146.318)
Þjónustumiðstöð.....	4.171	60.679	136.581
A hluti samtals.....	8.912	9.720	232.211

	Ársreikningur 2025	Fjárhags- áætlun	Ársreikningur 2024
B-hluta fyrirtæki:			
Félagslegar íbúðir.....	38.248	55.777	(40.582)
Hafnasjóður Norðurþings.....	(188.974)	(210.213)	(26.859)
Orkuveita Húsavíkur ohf.....	187.721	155.844	233.696
Fjárfestingafélag Norðurþings ehf.....	8.213	1.588	13.357
Leigufélagið Hvammur ehf.....	1.338	2.328	28.365
Dvalarheimili aldraðra sf.....	(26.180)	545	(43.377)
Innri færslur A og B hluta.....	(45.569)	(63.847)	(8.946)
A og B hluti samtals.....	(16.291)	(48.259)	387.865

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

A hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi og hafnir	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun.....	5.429.897	0	1.845.474	7.275.371
Endurmat á lóðum og lendum.....	205.858	0	0	205.858
Eignfært á árinu.....	561.089	0	150.030	711.119
Selt og aflagt á árinu.....	0	0	(2.557)	(2.557)
Staða í árslok.....	6.196.844	0	1.992.948	8.189.791

Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials like 'HBT', 'KS', 'JK', 'JAV', 'RZ', 'KSL' and some illegible scribbles.

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

Afskriftir

Staða í ársbyrjun	1.362.654	0	817.584	2.180.238
Afskrift ársins	70.534	0	150.472	221.006
Selt og aflagt á árinu	0	0	(1.845)	(1.845)
Staða í árslok	1.433.188	0	966.211	2.399.399

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun	4.067.243	0	1.027.890	5.095.134
Bókfært verð í árslok	4.763.656	0	1.026.736	5.790.392

Afskriftarhlutföll 2,5-4% 1-10% 10-20%

A og B hluti

	Fasteignir og lóðir	Veitukerfi, og hafnir	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	7.534.744	6.767.966	2.011.503	16.314.212
Endurmat á lóðum og lendum	205.858	0	0	205.858
Sérstakt endurmat	159.957	0	0	159.957
Eignfært á árinu	715.608	160.976	158.693	1.035.277
Selt og aflagt á árinu	(17.886)	0	(4.549)	(22.435)
Staða í árslok	8.598.281	6.928.942	2.165.646	17.692.869

Afskriftir

Staða í ársbyrjun	2.162.236	4.494.978	917.819	7.575.033
Afskrift ársins	122.968	133.057	164.236	420.261
Selt og aflagt á árinu	(9.294)	0	(3.637)	(12.931)
Staða í árslok	2.275.910	4.628.035	1.078.418	7.982.362

Bókfært verð

Bókfært verð í ársbyrjun	5.372.508	2.272.988	1.093.683	8.739.180
Bókfært verð í árslok	6.322.371	2.300.907	1.087.228	9.710.507

Afskriftarhlutföll 2-6% 1-10% 10-20%

Afskriftir ársins greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Varanlegir rekstrarfjármunir	221.006	420.261
	221.006	420.261

Fasteignamat og brunabótamat fasteigna, veitukerfa, hafnamannvirkja og gatna sveitarfélagsins greinist þannig í árslok:

A hluti

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat
Skólahúsnæði	1.472.560	6.137.110
Íþróttahús og sundlaugar	601.804	2.266.200
Þjónustuhúsnæði	649.875	1.642.876
Aðrar fasteignir	2.128.752	9.090.615
Lóðir og lendur	462.640	10.200
	5.315.581	19.146.951

Handwritten notes and signatures: HAH, KS, BVA, JAV, SE, KSL, and other initials.

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir (framhald)

B hluti	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat
Félagslegar íbúðir	862.860	1.249.550
Orkuveita Húsavíkur	278.010	709.000
Dvalarheimili aldraðra	1.299.190	3.594.550
Leigufélagið Hvammur	89.750	118.850
Aðrar fasteignir B hluta	12.394	68.600
	<u>2.542.204</u>	<u>5.740.550</u>
Samtals A og B hluti	<u>7.857.785</u>	<u>24.887.501</u>

Tryggingaverð lausafjármuna greinist þannig:

Stjórnsýsluhús	96.319
Skólar	418.984
Íþróttahöll og sundlaug	83.224
Félagsheimili	30.714
Sambýli	19.479
Þjónustumiðstöð	134.683
Slökkvistöð	108.770
Hafnasjóður	14.043
Orkuveita Húsavíkur	530.998
	<u>1.437.214</u>

8. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutar í öðrum félögum	Stofnframl. og eignarhlutur	Kostnaðarverð	
		A hluti	A og B hluti
Fjárfestingarfélag Þingeyinga hf.	44,30%	47.932	47.932
Íslensk orka hf.	31,45%	0	51.333
Hrafnabjargavirkjun hf.	48,75%	0	21.338
Hítaveita Óxarfjarðar hf.	52,14%	0	46.961
Landskerfi bókasafna ehf.	0,44%	94	94
Orkuveita Húsavíkur ohf.	100,00%	85.349	0
Fjárfestingafélag Norðurþings	100,00%	105.628	0
Leigufélag Hvamms ehf.	76,29%	102.621	0
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.	2,22%	196.845	196.845
Sjóböð ehf.	13,79%	0	36.876
Mýsköpun ehf.	3,12%	0	500
Verslunarhúsið á Kópaskeri ehf.	7,77%	800	800
Grænn iðngarður á Bakka ehf.	100,00%	500	500
Vík hses - stofnframlög		22.943	22.943
Bjarg íbúðafélag hses. - stofnframlög		35.697	35.697
		<u>598.410</u>	<u>461.820</u>
Niðurfærsla hlutabréfaeignar		<u>(105.222)</u>	<u>(45.637)</u>
		<u>493.188</u>	<u>416.183</u>

HEI 5K LP HHH
 BNT JAV AK
 KSJL

Skýringar

9. Langtímakröfur

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir	4.919	748
Afborganir 2027	5.120	1.668
Afborganir 2028	5.328	0
Afborganir 2029	5.545	0
Afborganir 2030	5.771	0
Afborganir síðar	255.957	0
	282.641	2.416
Næsta árs afborganir.....	(4.919)	(748)
	277.722	1.668

10. Tekjuskattsinnæign

Reiknuð tekjuskattsinnæign skiptist þannig:

	A og B hluti
Varanlegir rekstrarfjármunir	20.447
Lífeyrisskuldbinding	19.292
Viðskiptakröfur	1.961
Aðrir liðir	(10)
	41.690

11. Óinnheimtar skatttekjur og viðskiptakröfur

Breytingar á niðurfærslu óinnheimtra skatttekna og viðskiptakrafna greinist þannig:

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Staða í ársbyrjun	162.656	104.635	174.833	116.384
Breyting niðurfærslu á árinu.....	48.794	58.021	49.090	58.449
Staða í árslok	211.449	162.656	223.922	174.833

12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikning:

	A hluti	A og B hluti
Eigið fé 1.1.2025.....	2.233.230	4.211.267
Endurmat lóða og lendna.....	205.858	205.858
Endurmat varanlegra rekstrarfjármuna.....	0	165.784
Aðrar breytingar.....	(46.410)	(39.280)
Rekstrarniðurstaða ársins	8.912	(16.291)
Eigið fé 31.12.2025.....	2.401.591	4.527.338

HET KR HBH
SK JAR KJ
BNS AL. JB
KX

Skýringar

13. Lífeyrisskuldbinding

Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt á áunnum lífeyrirsréttindum sjóðfélaga í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurbæjar námu skuldbindingar A hluta 3.011 millj. kr. og A og B hluta 3.107 millj. kr. í árslok 2025 miðað við 2,0% ársvexti umfram hækkanir á lífeyrirsréttindum. Breyting skuldbindinganna greinist þannig:

	A hluti	A og B hluti
Lífeyrisskuldbinding 1.1.2025.....	2.675.806	2.766.237
Greitt á árinu.....	(166.608)	(177.987)
Gjaldfært á árinu.....	501.479	518.890
Lífeyrisskuldbinding 31.12.2025.....	3.010.676	3.107.139
Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:		
Árin 2026-2040.....	2.271.008	2.343.451
Síðar.....	739.668	763.687
	3.010.676	3.107.139

14. Langtímaskuldir

	A hluti		A og B hluti	
	31.12.2025	31.12.2024	31.12.2025	31.12.2024
Skuldir í ISK	1.851.985	1.965.871	4.121.716	4.197.357
Næsta árs afborganir langtímaskulda	1.851.985	1.965.871	4.121.716	4.197.357
	(184.282)	(172.476)	(238.323)	(234.904)
Langtímaskuldir í árslok	1.667.703	1.793.395	3.883.393	3.962.452

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:

	A hluti	A og B hluti
Næsta árs afborganir	184.282	238.323
Afborganir 2027	170.270	224.571
Afborganir 2028	176.358	232.068
Afborganir 2029	182.771	239.940
Afborganir 2030	189.424	245.071
Afborganir síðar	948.880	2.941.743
	1.851.985	4.121.716

Handwritten notes in blue ink:

- SK HET KS
- AS HBH
- AS
- KS

Skýringar

15. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

	Eignarhluti	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Aðalsjóður	100%	8.164.703	4.847.155	3.317.548
Eignasjóður	100%	5.731.859	6.427.491	(695.632)
Þjónustumiðstöð	100%	58.533	278.858	(220.325)
Innri færslur A hluta	100%	(5.877.299)	(5.877.299)	0
A hluti samtals		8.077.796	5.676.205	2.401.591
Fjárfestingafélag Norðurþings	100%	64.110	0	64.110
Félagslegar íbúðir	100%	133.070	368.676	(235.606)
Hafnasjóður	100%	1.063.017	2.156.187	(1.093.169)
Orkuveita Húsavíkur	100%	2.681.551	161.577	2.519.974
Leigufélag Hvamms ehf.	76,3%	42.623	302	42.321
Dvalarheimili aldraðra sf.	70,6%	1.411.938	583.150	828.788
Innri færslur A og B hluta		(901.156)	(900.485)	(671)
Heildarstaða eigna og skulda í árslok		12.572.949	8.045.611	4.527.338

16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

17. Yfirlit um lykiltölur

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Fjárhags- áætlun 2025	2025	2024	Ársreikningar 2023	2022	2021
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:						
Jatnvægisregla - rekstrarjofnuður í milljónum kr.....	-40.922	431.279	559.298	372.822	140.729	64.958
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....		56%	49%	48%	55%	65%
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	5,5%	4,0%	7,8%	8,9%	7,8%	7,7%
Rekstrarniðurstaða (-neikvæð).....	0,2%	0,1%	4,1%	3,6%	2,8%	1,1%
Veltufé frá rekstri.....	9,1%	12,4%	-12,8%	14,2%	14,5%	12,2%
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.....	-11,7%	-11,6%	-8,6%	-4,9%	-4,8%	-3,7%
Skuldahlutfall.....		113,3%	133,9%	103,6%	109,8%	116,9%

Handwritten notes in blue ink: "K8 HBH", "MET", "KOP", "JAV", "AV", "B", "5", "KSL".

Skýringar

17. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

	Fjárhags- áætlun 2025	2025	2024	Ársreikningar 2023	2022	2021
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við						
veltufé frá rekstri mælt í árum.....		5,95	6,42	5,81	6,07	8,04
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við						
afb. skulda og skuldbindinga.....	2,94	4,34	4,13	4,61	4,19	2,83
Veltufjárhlutfall.....	1,43	1,15	1,62	1,68	1,53	1,36
Eiginfjárhlutfall.....	0,24	0,30	0,29	0,24	0,21	0,18
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Útsvar og fasteignaskattur.....	53,8%	54,5%	54,7%	54,9%	55,4%	55,5%
Framlög jöfnunarsjóðs	19,9%	19,6%	19,1%	19,3%	18,2%	20,1%
Aðrar tekjur	26,4%	25,8%	26,1%	25,8%	26,4%	24,4%
Rekstrartekjur samtals.....	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld.....	(62,9%)	(60,9%)	(59,8%)	(58,3%)	(57,0%)	(63,7%)
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	(4,3%)	(8,4%)	(3,7%)	(5,1%)	(5,5%)	(6,1%)
Annar rekstrarkostnaður.....	(27,4%)	(26,7%)	(28,7%)	(27,7%)	(29,5%)	(28,6%)
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	5,5%	4,0%	7,8%	8,9%	8,0%	1,6%
Afskriftir.....	(3,5%)	(3,6%)	(3,4%)	(3,7%)	(3,1%)	(3,4%)
Fjármagnsliðir, nettó.....	-1,8%	-0,2%	-0,3%	-1,6%	-1,9%	-3,3%
Rekstrarniðurstaða.....	0,2%	0,1%	4,1%	3,6%	2,8%	1,1%
Í þúsundum króna á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	1.396	1.503	1.357	1.225	1.127	1.043
Aðrar tekjur.....	500	524	479	426	404	337
Laun og launatengd gjöld.....	(1.192)	(1.235)	(1.098)	-962	-873	-878
Lífeyrisskuldbinding, hækkun.....	(81)	(169)	(68)	-85	-84	-84
Annar rekstrarkostnaður.....	(518)	(542)	(528)	-457	-451	-394
Afskriftir.....	(66)	(73)	(62)	-61	-47	-47
Fjármagnsliðir, nettó.....	(35)	(5)	(6)	-27	-29	-45
Rekstrarniðurstaða ársins	3	3	75	0	0	(0)
Efnahagur:						
Eignir.....	2.582	2.677	2.438	2.256	2.117	1.969
Eigið fé.....	652	796	717	545	435	357
Skuldir og skuldbindingar.....	1.929	1.881	1.721	1.711	1.682	1.612
Sjóðsstreymi:						
Veltufé frá rekstri.....	172	251	216	234	223	168
Handbært fé frá rekstri.....	128	186	163	165	245	96
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm.....	(222)	(234)	(158)	-81	-74	-52
Breyting á íbúafjölda						
	Fjárhags- áætlun 2025	2025	2024	2023	2022	2021
Íbúaföldi í árslok.....	3.017	3.017	3.114	3.200	3.155	3.070

Handwritten notes in blue ink: HST, K, AL, B, KJL, and other initials and symbols.

Skýringar

17. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

	Fjárhags- áætlun 2025	2025	2024	Ársreikningar 2023	2022	2021
Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlag:						
Jafnvægisregla - rekstrarjöfnuður í milljónum kr.....	-311.791	569.867	543.468	234.510	-73.881	117.041
Skuldaviðmið, skv. reglugerð.....		71%	62%	65%	67%	77%
Ýmsar lykiltölur						
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	10,2%	8,0%	14,4%	13,7%	12,3%	13,0%
Rekstrarniðurstaða (-neikvæð).....	-0,7%	-0,2%	5,7%	3,0%	-0,6%	1,4%
Veltufé frá rekstri.....	10,8%	13,3%	15,8%	15,6%	15,0%	14,7%
Fjárf. í varanl. rekstrarfjárm.....	-15,0%	-13,8%	-12,6%	-5,4%	-6,0%	-5,1%
Skuldahlutfall.....		107,8%	112,2%	120,7%	121,3%	130,2%
Önnur hlutföll						
Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum.....		7,21	6,10	6,54	6,85	7,66
Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afb. skulda og skuldbindinga.....	-2,82	-3,82	-3,77	-4,05	-4,02	-2,40
Veltufjárhlutfall.....	1,98	1,81	2,32	2,25	2,02	1,88
Eiginfjárhlutfall.....	0,30	0,36	0,35	0,31	0,24	0,25
Í hlutfalli við rekstrartekjur:						
Skatttekjur	45,9%	46,8%	45,7%	44,4%	42,3%	41,9%
Framlög jöfnunarsjóðs	17,0%	16,9%	16,0%	15,7%	13,9%	15,3%
Aðrar tekjur	37,0%	36,4%	38,3%	40,0%	43,8%	42,8%
Rekstrartekjur samtals.....	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%	100,0%
Laun og launatengd gjöld.....	56,4%	55,0%	(52,6%)	(53,4%)	-52,5%	-51,4%
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	3,9%	7,4%	(3,2%)	(4,4%)	-4,6%	-5,0%
Annar rekstrarkostnaður.....	0	0	(0)	-28,5%	-30,7%	29,7%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	189,8%	192,0%	14,4%	13,7%	12,3%	73,4%
Afskriftir.....	(5,9%)	(5,7%)	(5,5%)	(5,9%)	-6,2%	-6,7%
Fjármagnsliðir, nettó.....	-4,7%	-2,2%	-2,8%	-4,8%	-6,7%	-4,8%
Rekstrarniðurstaða.....	-0,7%	-0,2%	5,7%	3,0%	-0,6%	1,4%
Í þúsundum króna á íbúa:						
Rekstur:						
Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	1.499	1.391	1.353	1.221	1.123	1.039
Aðrar tekjur.....	856	818	839	813	874	778
Laun og launatengd gjöld.....	(1.245)	(1.245)	(1.152)	-1.087	-1.048	-1.040
Lífeyrisskuldbinding, hækkun.....	(86)	(86)	(70)	-89	-91	-91
Annar rekstrarkostnaður.....	(653)	(653)	(653)	-579	-613	-540
Afskriftir.....	(131)	(131)	(120)	-120	-123	-123
Fjármagnsliðir, nettó.....	(104)	(104)	(62)	-98	-134	-87
Rekstrarniðurstaða ársins	136	(9)	134	60	-12	-63

HET
 HBT
 KP
 JAV ALO
 IB
 KSK

Skýringar

17. Yfirlit um lykiltölur (framhald)

	Fjárhags- áætlun 2025	2025	2024	Ársreikningar		
				2023	2022	2021
Efnahagur:						
Eignir.....	3.972	4.167	3.811	3.552	3.197	3.137
Eigið fé.....	1.202	1.501	1.352	1.097	774	771
Skuldir og skuldbindingar.....	2.770	2.667	2.458	2.454	2.423	2.366
Sjóðsstreymi:						
Veltufé frá rekstri.....	238	313	346	317	301	266
Handbært fé frá rekstri.....	190	263	294	232	320	199
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjárm.....	(332)	(324)	(275)	-110	-119	-93
Fjárhags- áætlun 2025						
Íbúafjöldi í árslok.....	3.017	3.017	3.114	3200	3155	3070

18. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sem birt er í rekstrarreikningi, sjóðsstreymi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins er samkvæmt endanlegri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins með viðaukum. Fjárhagsáætlunin er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins. Gerðir voru formlegir viðaukar vegna ársins 2025 og greinast þeir sem hér segir:

	A hluti			A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum	Upphafleg fjárhags- áætlun	Viðaukar við fjárhags- áætlun	Fjárhags- áætlun með viðaukum
Rekstrartekjur						
Útsvar og fasteignaskattur.....	3.075.406	0	3.075.406	3.060.922	0	3.060.922
Framlög Jöfnunarsjóðs.....	1.135.919	0	1.135.919	1.135.919	0	1.135.919
Aðrar tekjur.....	1.507.560	0	1.507.560	2.590.013	(122.500)	2.467.513
	<u>5.718.885</u>	<u>0</u>	<u>5.718.885</u>	<u>6.786.854</u>	<u>(122.500)</u>	<u>6.664.354</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	3.714.629	126.148	3.840.777	3.888.870	126.148	4.015.018
Annar rekstrarkostnaður.....	1.543.748	20.500	1.564.248	1.948.546	20.500	1.969.046
Afskriftir.....	199.446	0	199.446	394.221	0	394.221
	<u>5.457.823</u>	<u>146.648</u>	<u>5.604.471</u>	<u>6.231.637</u>	<u>146.648</u>	<u>6.378.285</u>
Rekstrarniðurstaða án fjármuna- tekna og fjármagnsgjalda.....	261.062	(146.648)	114.414	555.217	(269.148)	286.069
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld.....	(104.695)	0	(104.695)	(314.328)	0	(314.328)
Tekjuskattur.....	0	0	0	(20.000)	0	(20.000)
Rekstrarniðurstaða.....	<u>156.368</u>	<u>(146.648)</u>	<u>9.720</u>	<u>220.889</u>	<u>(269.148)</u>	<u>(48.259)</u>

SK HLEI
Byg Jón KJ
AL
ID
KSK

Skýringar

19. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings og önnur mál

Norðurþing er í ábyrgð fyrir öllum lífeyrisskuldbindingum Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurbæjar. Auk Norðurþings greiða ýmsar stofnanir og félög á Húsavík til sjóðsins vegna lífeyrisgreiðslna til fyrirverandi starfsmanna sinna. Sjóðnum var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum á árinu 1998. Heildar áfallnar skuldbindingar sjóðsins umfram eignir námu um 3.588 milljónum króna í árslok 2025 samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt.

Samkomulag við Brú lífeyrissjóð

Þann 19. september 2016 var gert samkomulag milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga (Brú) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingarnar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Í byrjun árs 2018 samþykkti sveitarstjórn Norðurþings samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu Brúar þann 31. maí 2017.

Í heild nam uppgjorið við Brú 361,4 milljónum króna og var það fjármagnað með láni frá Lánasjóði sveitarfélaga og greitt í febrúar 2018. Um er að ræða framlag í jafnvæggissjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

Gjaldfærsla vegna uppgjorsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinist þannig á árinu 2025:

	Lífeyrisauka- sjóður	Varúðar- sjóður	Samtals
Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2024	177.276	15.850	193.126
Gjaldfærsla ársins 2025	(7.908)	(1.276)	(9.185)
Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2025	169.368	14.574	183.941

Fyrirframgreiðslan greinist þannig 31.12.2025:

Gjaldf. næsta árs færð meðal veltufjármuna	7.908	1.276	9.185
Langtímahluti fyrirframgreiðslu	161.460	13.297	174.757
Samtals eignfært í efnahagsreikningi	169.368	14.574	183.941

Kröfur á hendur Hafnasjóði Norðurþings

Kröfur á hendur Hafnasjóði Norðurþings vegna innheimtra farþega gjalda Hvalaskoðunarfyrirtækja á Húsavík nema kr. 128.197.752. Þessar kröfur eru til viðbótar kr. 64.288.738 sem voru greiddar í febrúar árið 2026 og gjaldfærðar í ársreikningi 2025. Þessar viðbótarkröfur bárust í febrúar og mars árið 2026 og eru tilkomnar vegna dóms landsréttar nr. 664 2024. Verið er að vinna í málinu og niðurstaða liggur vonandi fyrir á fyrri hluta ársins 2026. Vegna óvissu um málið hefur ekki verið færð frekari gjaldfærsla í ársreikninginn vegna þessa.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including "HFI", "5/16", "JAW", "BRU", "Al", "IB", and "KSK".

Yfirlýsing um stjórnarhætti og ófjárhagslegar upplýsingar

Yfirlýsing um stjórnarhætti

Um stjórnarhætti sveitarfélagsins gilda sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, með síðari breytingum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings nr. 170 frá 11. febrúar 2016 ásamt samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings frá 23. maí 2018. Sveitarstjórn er kjörin í almennum kosningum af íbúum sveitarfélagsins á fjögurra ára fresti.

Norðurþing hefur gefið út skuldabréf sem skráð eru í kauphöll og hlýtir því reglum fyrir útgefendur fjármálagerna sem Kauphöll Íslands gefur út.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á því að til staðar sé virkt kerfi innra eftirlits og það sé formlegt, skjalfest og sannreynt reglulega. Innra eftirlitið á að vera til þess fallið að veita vissu um að sveitarfélagið nái árangri og skilvirkni í starfsemi í samræmi við markmið sveitarfélagsins, að það veiti áreiðanlegar og réttmætar fjárhagsupplýsingar til ytri aðila og það hlíti lögum og reglum sem gilda um starfsemina.

Um áhættustýringu er vísað til ákvæða í VII. kafla sveitarstjórnarlaga, s.s. um fjárfestingavald, bindandi áhrif ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins, ábyrgð meðferð fjármuna, miklar fjárfestingar og skuldbindingar og takmarkanir er varða veðsetningar og ábyrgðaveitingar. Sveitarfélagið fer að ákvæðum sveitarstjórnarlaga hvað þetta varðar. Til að tryggja að reikningsskil sveitarfélagsins séu í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um bókhald og ársreikninga sem og settar reikningsskilareglur hefur sveitarfélagið lagt áherslu á vel skilgreind ábyrgðarsvið og eðlilega aðgreiningu starfa.

Fjöldi fulltrúa í sveitarstjórn, nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum sveitarfélagsins er tilgreindur í samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings sem aðgengileg er á heimasíðu þess. Á heimasíðunni má einnig sjá hverjir sitja í einstaka nefndum, ráðum og stjórnnum.

Í 2. tölulið 44. gr. sveitarstjórnarlaga kemur fram regla um kynjahlutföll í nefndum sem sveitarstjórn velur í. Sveitarfélagið gætir að þessum reglum við skipan í nefndir. Að því er sveitarstjórnina varðar ræðst samsetningin af röðun framboðslista og niðurstöðum kosninga til sveitarstjórnar. Í sveitarstjórn eru nú 9 fulltrúar, 4 karlar og 5 konur, með ólíkan bakgrunn og menntun.

Um síðareglur og góða starfshætti er fjallað í 29. gr. sveitarstjórnarlaga. Sveitarfélagið hefur sett sér síðareglur, dagsettar 19. júní 2018, sem aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 eru sveitarfélög sjálfstæð stjórnvöld sem er stjórnað af lýðræðislega kjörnum sveitarstjórnnum í umboði íbúa sveitarfélagsins. Sveitarfélagið sinnir þeim verkefnum sem því er fallið lögum samkvæmt, m.a. varðandi fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónustu, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál, hreinlætismál og umhverfismál. Jafnframt fylgir það kröfum sem gilda um starfsemi þess í öðrum lögum, s.s. stjórnsýslulögum, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla og lögum um opinber innkaup. Einnig eru í gildi síðareglur dagsettar 31. maí 2022 sem settar hafa verið á grundvelli 29. gr. sveitarstjórnarlaga og aðgengilegar eru á heimasíðu sveitarfélagsins.

Engin veruleg frávik hafa verið greind af hálfu opinberra eftirlitsaðila eða endurskoðenda hvað varðar starfsemi sveitarfélagsins sem tengist umhverfis-, félags- og/eða starfsmannamálum, mannréttindamálum eða spillingar- og mútumálum.

SK
MEI
JAN
BUT
IB
KJ
R6.
KJ